

**2. fundur starfshóps um málefni leikskóla
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, miðvikudaginn 7.
febrúar 2024 og hófst hann kl. 14:30.**

Fundinn sátu:

Finney Raket Árnadóttir bæjarfulltrúi, Nanný Arna Guðmundsdóttir bæjarfulltrúi, Helga Björk Jóhannsdóttir leikskólastjórnandi, Hildur Sólmundsdóttir fulltrúi leikskólakennara, Sigríður Brynja Friðriksdóttir fulltrúi ófaglærðra starfsmanna, Tara Óðinsdóttir fulltrúi foreldra og Krístrún Halla Gylfadóttir fulltrúi foreldra.

Embættismenn:

Hafdís Gunnarsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs og Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi.

Fundargerð ritaði: Hafdís Gunnarsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

Dagskrá:

1. Málefni leikskóla 2023 - 2023090036

Lagt fram erindisbréf starfshóps um skipulag og starfsumhverfi í leikskólum Ísafjarðarbæjar og farið yfir meginmarkmið starfshópsins.

Lagt fram til kynningar.

2. Starfshópur um skipulag og starfsumhverfi í leikskólum Ísafjarðarbæjar 2024. - 2024010134

Kynnt minnisblað Guðrúnar Birgisdóttur skóla- og sérkennslufulltrúa dagsett 6. febrúar 2024 er varðar þróun leikskólamála í öðrum sveitafélögum.

Starfsmönnum starfshópsins falið að senda út könnun til foreldra leikskólabarna þar sem óskað er eftir þeirra hugmyndum að breytingum á starfsumhverfi leikskóla. Jafnframt að afla upplýsinga um raun nýtingu dvalartíma á leikskólum.

Fulltrúar starfshópsins ætla kynna sér tillögur frá öðrum sveitarfélögum fyrir næsta fund.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30

Finney Raket Árnadóttir

Nanný Arna Guðmundsdóttir

2. fundur starfshóps um málefni leikskóla

Helga Björk Jóhannsdóttir

Hildur Sólmundsdóttir

Sigríður Brynja Friðriksdóttir

Tara Óðinsdóttir

Kristrún Halla Gylfadóttir

Hafdís Gunnarsdóttir

Guðrún Birgisdóttir